

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 52/1966. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bókmenntafélaginu Máli og menningu
og gagnsök (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dó m e n d u r:

**hæstaréttardómaramenir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1966. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. maí 1966. Dómkröfur hans eru, að aðaláfrýjandi beri óskerta fébótaábyrgð á tjóni, sem varð vegna vatnságangs á vörum gagnáfrýjanda hinn 13. og 14. marz 1962 í kjallara hússins að Laugavegi 18 í Reykjavík. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi hafði tekið á leigu húsnæði í kjallara hússins að Laugavegi 18, en eigandi þess var Vegamót h/f. Reisir gagnáfrýjandi kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda eingöngu að því leyti sem starfsmenn aðaláfrýjanda eigi sök á tjóni hans, en þá telur hann eiga alla sök á tjóninu. Haustið 1959 barst Vatnsveitu Reykjavíkur „tengibeiðni“ af hálfu eiganda hússins. Var þess farið á leit, að vatn til hússins mætti taka úr aðalæð í Vegamótastíg. Vatnsveitan varð við þessari beiðni, en jafnframt var ákveðið, að húseigandi skyldi loka fyrir rennsli úr gamalli heimæð, sem tengd var við aðalæð, sem lá í norðanverðum Laugavegi. Verkfræðingur vatnsveitunnar hefur skýrt svo frá, að slík lokun sé gerð á þann

hátt að krana við leiðslumótin sé lokað og jafnframt sé settur fastur skrúfaður tappi í hinn enda heimæðarinnar. Vatnið, sem rann inn í kjallara hússins hinn 13. og 14. marz 1962, kom úr þessari gömlu heimæð. Krananum hefur því ekki verið lokað haustið 1959 eða umbúnaði hans hefur verið áfátt. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 39/1959 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur eru allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi. Hins vegar bar starfsmönnum vatnsveitunnar að hafa eftirlit með því, að tryggilega væri gengið frá lokun kranans, en sú eftirlitsskylda var vanrækt. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms um vanrækslu eiganda hússins að koma upp dælu-útbúnaði við safnvatnsgryfjuna og vangæzlu starfsmanna vatnsveitunnar, er lekans varð vart, þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, er fébótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda, Bókmenntafélaginu Máli og menningu, að því er varðar helming þess tjóns, sem gagnáfrýjandi beið vegna vatnságangs hinn 13. og 14. marz 1962 í kjallara hússins að Laugavegi 18 í Reykjavík og í málinu greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. marz s.l., hefur Kristinn E. Andrússon f. h. firmans Máls og menningar, Laugavegi 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni og birtri 11. apríl 1964, gegn Geir Hallgrímssyn borgarstjóra f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 364.917.14

með 7% ársvöxtum frá 14. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Af hálfu stefnda hafa þær dómkröfur verið gerðar *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans. *Til vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 varð um það samkomulag með málsaðiljum og dómurum, að mál þetta skyldi nú flutt og dæmt aðeins að því leyti, er til skaðabótaábyrgðarinnar tekur.

Samkvæmt því voru af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins aðeins gerðar þær dómkröfur, að fébótaábyrgð vegna tjóns þess, er í máli þessu getur, verði lögð óskipt á stefnda, borgarsjóð Reykjavíkur, og honum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Á sama hátt voru af hálfu stefnda gerðar þær dómkröfur við munnlegan flutning málsins *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda, en *til vara*, að honum verði dæmd sök aðeins að litlum hluta og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 14. marz 1962 voru starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur að vinna við uppgröft í gangstéttinni fyrir hús Vegamóta h/f nr. 18 við Laugaveg hér í borg. Á götuhæð hússins er bókabúð Máls og menningar, en í kjallar anum eru geymdar vörubirgðir verzlunarinnar. Starfsmenn rafmagnsveitunnar urðu þess varir, að gamalt rör, sem lá úr aðalvatnsæð götunnar, var bilað, og seytlaði vatn með rörinu og út í holuna, sem verið var að grafa. Vatnsveitu Reykjavíkur var gert aðvart um lekann, og athugaði Sveinn Kristjánsson, starfsmaður vatnsveitunnar, staðhætti í götunni kl. 1100 og kl. 1500 sama dag, en taldi ekki hættu á ferðum. Næsta morgun kom í ljós, að lekinn hafði aukizt svo mjög, að vatn hafði runnið upp að húsinu nr. 18 við Laugaveg og seytlað inn í kjallarann, þar sem vörubirgðir stefnanda voru geymdar, og urðu á þeim miklar skemmdir.

Vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu 11. og 19. maí 1965.

Vitnið Ásgrímur Gunnar Egilsson kveðst hafa verið pípulagningameistari við bygginguna að Laugavegi 18. Kveðst vitnið fyrst hafa komið að verkinu, eftir að búið var að steypa húsið upp. Kveður vitnið þá hafa verið búið að fylla grunninn að hús-

inu. Segir vitnið, að vatnsveitan hafi ákveðið, að vatn til hússins skyldi taka úr aðalleiðslu í Vegamótastíg. Segir vitnið, að ein heimæð hafi verið úr þeirri aðalleiðslu inn í húsið í salerni og hafi verið grafið með þeirri leiðslu út í aðalleiðsluna. Heimæðin, sem fyrir var, hafi verið tekin úr sambandi og lokað fyrir hana. Um aðrar vatnsleiðslur að húsinu kveðst vitnið ekkert hafa vitað.

Vitnið kveður vatnsveituna gera kröfu til þess, er hún samþykkir tengibeiðni, að lokað sé fyrir eldri heimæð. Kveðst vitnið hafa gert það, svo sem að ofan greinir, og segir það ekki aðrar heimæðar hafa verið að húsinu en þá leiðslu.

Vitnið segir, að í kjallaragólfi hússins hafi verið safngryfja og hafi verið tilætlunin að hafa dælu þar til að dæla burtu vatni, sem safnaðist fyrir. Dælan hafi hins vegar ekki verið komin, er umræddur atburður gerðist, en hún hafi verið í pöntun. Vitnið segir, að gryfjan hafi verið ósteypt í botninn og hafi henni verið ætlað að taka við grunnvatni. Segir vitnið, að reynsla hafi sýnt, að grunnvatn hafi ekki verið það mikið, að það fyllti gryfjuna.

Vitnið Gunnar Moritz Steinsen segir, að vatnsveitan bendi sérstaklega á það, þegar nýbyggingar eru reistar, þar sem áður voru gömul hús, að nauðsyn sé að loka fyrir eldri heimæðar, sem ekki verða notaðar í nýbygginguna. Vitnið segir, að vatnsveitan geri kröfu til þess, að heimæðar séu teknar úr sambandi við aðalleiðslu í götunni, og sé það þannig framkvæmt, að krana, sem við leiðslumótin er, sé lokað og jafnframt sé lokað með föstum tappa skrífuðum. Vitnið segir, að Ásgrímur G. Egilsson hafi óskað eftir því að fá að taka heimæðina úr aðalleiðslunni í Vegamótastíg. Segir vitnið, að er það hafi verið samþykkt, hafi það sérstaklega bent Ásgrími á, að það leysti hann ekki undan því að ganga frá heimæðinni frá Laugavegi. Vitnið segir, að reiknað sé með því, að veggir og gólf kjallara í húsum séu held grunnvatni. Ef um slíkar aðstæður sé að ræða, að grunnvatn sé mikið eða erfitt að koma því frá, þá séu kjallarar varðir gegn því með ýmsum tilfæringum, þar á meðal með safnþró, eins og í hér umræddu húsi, svo og með dælu. Vitnið segir, að vatnsveitan annist ekki um framkvæmdir eða viðhald á heimæðum nema eftir sérstakri skriflegri beiðni og húseigandi þá krafinn um greiðslu eftir reikningi.

Vitnið Sveinn Kristjánsson kveðst af langri reynslu sinni ekki hafa talið neina hættu af lekanum frá rörinu fyrir nærliggjandi hús. Því hafi það ekki talið ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir þess vegna. Segir vitnið, að lítið sem ekkert vatn hafi

verið í holunni. Getur vitnið þess, að svo langt hafi verið á milli holunnar og hússins, að það hafi meðal annars styrkt þá skoðun vitnisins, að engin hættu væri fyrir hendi. Aðspurt kveður vitnið sér hafa verið ljóst, að vatnið hafi komið með heimæðinni, sem í holuna lá. Vitnið segir, að er það hafi verið á staðnum, hafi komið starfsmaður í bókaverzluninni í húsinu, og kveðst vitnið hafa sagt honum, að heimæðin að húsinu væri biluð. Þá kveðst vitnið hafa skýrt verkstjóra sínum frá því, hvað um væri að vera. Hafi það annað hvort verið Ingvar Grímsson eða Eyjólfur Halldórsson.

Vitnið Einar Guðnason, verkstjóri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, kveðst ekki hafa snúið sér að eigendum hússins eða fyrirsvarsmönnum þess vegna vatnsins í holunni, enda kveðst vitnið ekki hafa talið neina hættu vera fyrir hendi fyrir skemmdum á húsinu. Segir vitnið, að algengt sé, að vatn safnist fyrir í slíkar holur, sem hér um ræðir. Þó taldi vitnið rétt að láta vatnsveituna vita um þetta, enda kveður vitnið það vera venju þeirra að tilkynna henni um slíkt. Vitnið kveður holuna hafa verið grafna með handverkfærum. Segir vitnið, að heimæðarrörið hafi ekki komið í ljós, fyrr en eftir að vatn komst í holuna og ruddi jarðvegi frá því, og ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að starfsmenn rafveitunnar hafi rekið verkfæri í rörið.

Öll framangreind vitni nema hið fyrst nefnda hafa gefið skriflegar skýrslur, sem lagðar hafa verið fram sem dómsskj. nr. 18, 19 og 22 í máli þessu, og hafa þau fyrir dómi staðfest efni þeirra og viðurkennt nafnritanir sínar undir þau.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo í greinargerð:

1. Skemmdir á vörubirgðum kr. 334.863.64
2. Bætur fyrir óþægindi og röskun .. — 25.000.00
3. Útlagður kostnaður — 5.053.50

Kr. 364.917.14

Stefnandi styður skaðabótakröfu sína þeim rökum, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, er hlaut af völdum umrædds vatnsflóðs, þar sem orsök tjónsins verði rakin til framkvæmda á vegum stefnda, en eins og áður greini, hafi starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur verið að vinna við uppgröft í gangstétt, og verði ekki annað séð en lekinn á vatnsrörinu hafi byrjað af völdum þeirra framkvæmda. Þá hafi og Vatnsveitu Reykjavíkur verið gert aðvart um lekann, en starfsmaður hennar hafi látið undir

höfuð leggjast að stöðva hann, en það hljóti að hafa þurft að gera, áður en umræddur skurður yrði fylltur. Eftir að vart var orðið við lekann, hljóti sérhver dráttur á að gera við hann að vera á ábyrgð stefnda. Þá tekur stefnandi og fram, að hvorki honum né stjórn Vegamóta h/f hafi verið gert aðvart um leka þennan og engar framkvæmdir hafi verið í götunni á vegum þeirra.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að tjón það, er stefnandi kann að hafa orðið fyrir, verði á engan hátt kennt starfsmönnum hans. Ljóst sé, að ástæðan til tjónsins sé vanræksla og vanbúnaður af hendi húseiganda. Húseigandinn hafi vanrækt að ganga frá hinni fornu heimæð, þegar hin nýja var lögð. Það hafi verið skylda hans að ganga frá slíku og verði hann sjálfur að bera halla af því, ef þess hafi eigi verið gætt. Þá verði að telja, að umbúnaður í kjallaranum sjálfum hafi verið með öllu óforsvaranlegur, þar sem eigi hafi verið hirt um að ganga forsvaranlega frá safnvatnsgryfju þeirri, sem þar var. Með hliðsjón af því, verði einnig að telja óforsvaranlegt af stefnanda að hlaða bókum í kjallara, sem þannig var um búinn.

Þá kveður stefndi það ljóst vera, að starfsmenn hans eigi hér enga sök á. Fáir hann ekki séð, að Rafmagnsveitu Reykjavíkur verði hér á nokkurn hátt um kennt. Starfsmenn hennar hafi verið að nauðsynjastörfum og hafi þeir hagað sér fullforsvaranlega við verk sitt. Starfsmenn Vatnsveitu Reykjavíkur hafi athugað mál þetta, en ekki getað séð þess nein merki, að hætta gæti verið af vatnsseitli því, er þeir sáu í holunni. Hafi þeir eigi haft ástæðu til annars en ætla, að vatn þetta rynni út í götuna og engin hætta væri á, að það rynni inn í hús, enda hafi þeir mátt treysta því, að kjallarar nýrra húsa væru svo þéttir, að þeir þyldu vatn að utan.

Það er ágreiningslaust í málinu, að vatn það, sem rann inn í kjallara umrædds húss að Laugavegi 18, kom frá gamalli heimæð, sem tekin hafði verið úr sambandi við aðalæð í Laugavegi. Þá er og upplýst, að starfsmenn Vatnsveitu Reykjavíkur hafi ekki lagt hönd að verki við að taka úr sambandi heimæð þessa, enda kveður reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur svo á, að allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því séu eign húseiganda og beri hann allan kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi og beri honum skylda til að láta gera við leka, þegar er hans verður vart, sbr. 1. og 7. mgr. 9. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Loks er það staðreynd í máli þessu, að í kjallarahorni umrædds

húss að Laugavegi 18 er safnvatnsgryfja, og er því ómótmælt haldið fram, að hvorki hafi verið í henni steypdur botn né heldur dæluútbúnaður, er vatnið rann inn í kjallarann, og gat því utanað komandi vatn óhindrað runnið þar inn. En í 44. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur segir, að þannig skuli gengið frá útveggjum, annað hvort með gerð (samsetningu) steypu eða rakavarnarlagi, t. d. múrhúðun, að viðkomandi bygging sé vatns- og rakaheld, enn fremur, að frá grunni skuli ganga þannig, að vatn safnist ekki undir neðsta gólf eða við útvegg í kjallara, og skuli frágangi á grunnlögnnum hagað samkvæmt gildandi reglugerð um holræsi og að neðsta gólf og kjallaraveggi skuli gera úr vatnsheldri steinsteypu eða öðru rakaheldu efni o. s. frv.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, líta dómendur svo á, að stefnandi eigi að verulegum hluta sjálfur sök á tjóni sínu. Hins vegar ber einnig á það að líta, að starfsmaður Vatnsveitu Reykjavíkur var kallaður til, þegar er umrædds leka varð vart, en hann lætur hjá líða að gera nokkrar ráðstafanir til að stöðva hann, þar sem hann áleit ekki hættu vera á ferðum. Þykir hann ekki hafa gengið nógu rækilega úr skugga um, hversu alvarleg orsökkin til lekans var, né heldur kynnt sér nógu vel aðrar aðstæður með tilliti til hugsanlegs tjóns. Þá hafa starfsmenn stefnda ekki, að því er séð verður, tilkynnt forráðamönnum húseignarinnar Laugavegar 18 um vatnsleka þennan.

Þykir af þessum ástæðum einnig verða að leggja hluta sakarinnar á stefnda.

Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, svo og gögn málsins í heild, þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur $\frac{3}{4}$ hluta sakar, en stefndi $\frac{1}{4}$ hluta hennar.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við endanlegan dóm í málinu.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Óskari Smith pípuлагningameistara.

Lítils háttar dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna nýliðinnar páskahegi.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, beri $\frac{1}{4}$ hluta sakar í máli þessu.